

Information and Communications Technologies
OECD Communications Outlook 2007

Summary in Icelandic

Upplýsinga- og fjarskiptatækni
Horfur OECD í fjarskiptum 2007

Útdráttur á íslensku

Vöxtur í gegnum umbreytingu

Eftir að fjarskiptaiðnaðurinn komst út úr krísunni árið 2000 breyttist hann. Tæknilegar breytingar og þróun nýrrar þjónustu hafa áhrif á grundvallarfyrirtæki í fjarskiptum.

Tal er áfram lykildrifið á OECD fjarskiptamörkuðum sem hafa nú náð tekjum upp á 1 trilljón bandaríkjadala. Engu að síður heldur talþjónusta og uppbygging fjarskiptatekna áfram að þróast. Farsímaþjónusta hirðir núna 40% af öllum fjarskiptatekjum á OECD svæðinu og áskrifendur að farsímum eru fleiri en áskrifendur að fastlínu í hlutfallinu 3 á móti 1. Á sama tíma pressar tækni eins og Nettal (VoIP) mjög niður verð fyrir talþjónustu. Áhrifin af Nettali birtast skýrt í verði fyrir alþjóðleg fastlínusímtöl sem mörg Nettals-fyrirtæki selja í áskriftapökkum með föstu gjaldi. Afleiðingin er að framtíð tekjuflæðis af tali er óljós.

Fjöldi háhraðanettenginga er ein helsta ástæðan fyrir því að tækni eins og Nettal hefur haft þvilik áhrif á markaðinn. Breiðband er á skömmum tíma að verða ráðandi tækni fyrir internetaðgengi á öllu OECD svæðinu; 60% af 256 milljónum áskrifenda á svæðinu hafa núna breiðbandstengingu. Nýjar tekjur af breiðbandi hafa hjálpað fyrirtækjum að veга upp á móti samdrætti í taltekjum.

Fyrirtæki markaðssetja nú almennt margra leikja tilboð með hreyfimyndum, tali og gögnum til að halda í áskrifendur sína, ásamt því að kynna nýja tekjuaflandi þjónustu. Notendur geta núna gerst áskrifendur að margra leikja tilboðum í gegnum margs konar vettvang þegar fyrirtæki á fyrrum afmörkuðum mörkuðum eru byrjuð að keppa. Þess vegna bjóða kapalveitendur gjarnan upp á gögn og tal en farsímafyrirtæki bæta við tilboð sín gögnum og hreyfimyndapökkum og hefðbundnir fjarskiptaveitendur bjóða margra leikja tilboð í gegnum dreifikerfi sín.

Neytendur njóta góðs af því að múrar milli markaða hafa verið brotnir niður þar sem þeir geta nú valið svipaða og hliðstæða þjónustu frá fjölda veitenda. Um leið neyðir

niðurbrot múranna eftirlitsaðila til að endurskoða þær reglur sem settar eru um sérstaka markaði. Þessi atriði geta verið viðkvæm ef reglugerðir um sérhæft dreifikerfi eru nátengdar félagslegri og menningarlegri stefnumótun.

Umbreytingar leiddar af samkeppni

Núverandi umbreytingar á fjarskiptamörkuðum eru afsprengi aukinnar samkeppni. Markaðir heilbrigðrar samkeppni hafa innleitt nýsköpun í þjónustu og aðlaðandi verðpakka. Í fjölda aðildarríkja OECD breytti sundurgreindur aðgangur að heimtaug samkeppnisvettvangi með því að leyfa veitendum margvíslegrar þjónustu að selja fjarskiptaþjónustu um sömu línuna. Samkeppni sem er byggð á grunnvirki, gjarnan á milli kapal- og fjarskiptadreifiveitna, hvatti líka fyrirtæki til að fara inn á hefðbundin viðskiptasvið keppinautanna og hefur lækkað verð til neytenda.

Á síðustu tveimur árum hafa dreifiveitur sveitarfélaganna komið inn á samkeppnisvettvang fjarskiptanna. Hinar ýmsu borgir eða bæir hafa byggt eða gert áætlanir um þráðlausar aðgangsdreifiveitur, eða með ljósleiðara, með það fyrir augum að bæta tengingu íbúanna. Sumar þessara dreifiveitna hafa verið byggðar eftir reglum um opið aðgengi þar sem kröfur eru gerðar um að dreifiveitufyrirtækið bjóði öllum þjónustuveitendum afköst á sömu kjörum. Á öðrum sviðum eru þráðlausar flutnings- og lággjaldadreifiveitur eflar með það fyrir augum að bæta almenna þjónustu og leysa vanda stafrænnar deilingar.

Merki um breytingar

Aukið aðgengi að breiðbandsinterneti hefur gefið merki um breytingar á þann hátt að fjarskiptaþjónusta er veitt og verðlögð. Tilhneiging sýnir greinilega tilfærslu frá því að borga fyrir tal til þess að borga fyrir gögn sem einnig má nota til að flytja tal. Sum fyrirtæki bjóða núna pakka á föstu verði fyrir heima- og alþjóðlegan flutning tals til fastlínu. Önnur hafa innleitt ótakmarkaðar hringingar fyrir áskrifendur að farsímum á föstu verðlagi hjá hópi forvalinna númera. Fast verðlag er líka ráðandi uppbygging fyrir breiðbandsaðgengi á OECD svæðinu.

Fast verðlag er almennt notað fyrir tiltekna þjónustu. Engu að síður hefur á síðustu tveimur árum spurst út innleiðing á fastínu-/farsímasamleitni. Hin ýmsu fyrirtæki bjóða núna síma sem virka eins og farsímar utan heimilis en skipta yfir í Bluetooth eða Wi-Fi-virkar fastlínur heima. Þau tilboð eru skammt komin en sýna hvernig munurinn milli fastlínu- og farsímataekni minnkar.

Samrunaþjónusta er markaðssett sem aðferð til að eyða þörfinni fyrir tvær símaáskriftir (fastlínu og farsíma) og ná niður kostnaði við símafjarskipti fyrir neytendur. Síðustu tvö árin hefur reyndar verð fyrir allar gerðir fjarskipta lækkað en þjónusta batnað. Til dæmis borga neytendur almennt minna fyrir breiðband en þeir gerðu fyrir tveimur árum, en tengihraði hefur að jafnaði aukist.

Verðlækkun og bætt þjónusta hefur verið aðalsmerki á mörkuðum sem einkennast af mikilli samkeppni. Samkeppni kann að vera afurð reglugerðaríhlutunar eins og í tilfelli sundurgreinds aðgangs að heimtaug eða kann að vera afrakstur nýrrar samkeppni sem er byggð á grunngerð. Einkum fer vaxandi samkeppni milli veitenda hefðbundins símalínu- og þráðlauss aðgengis á fjarskiptamörkuðum. Kannski er þessi tvenns konar tækni ekki hið fullkomna staðgönguefni en tilboð um gögn á föstu verðlagi í dreifikerfi fyrir farsíma eru

byrjuð að keppa við breiðbandstengingar inn á heimili fólks. Endanlegt umfang slíkrar staðgöngu er óljóst eins og eftirspurn einstaklinga eftir bandvidd kann að fara fram úr getu í þráðlausu dreifikerfi. Engu að síður kann viss gagnþjónusta augljóslega að vera eins samkeppnishæf í dreifikerfi fyrir farsíma og fastlínu.

Samkeppni á fjarskiptamörkuðum var áður takmörkuð við önnur innanlandsfyrirtæki en notendur geta núna tekið á móti þjónustu hvaðanæva að úr heiminum í gegnum breiðbandstengingu. Breiðbandsáskrifendur í einu ríki geta auðveldlega skráð sig fyrir heimasímaþjónustu í öðru ríki sem þeim er afhent á netinu. Innanlandsmarkaðir í útsendingu ganga líka í gegnum breytingar, bæði þegar ríki byrja að skipta yfir í stafræna útsendingu og sem afrakstur af aukinni samkeppni hvað varðar efni staðsett á netinu. Þessi þróun beinir athygli að reglugerðarbreytingum sem kann að vera þörf fyrir í framtíðinni.

Vöxturinn og þróunin á fjarskiptamörkuðum endurspeglast líka í verslun með fjarskiptabúnað. Fjarskiptaverslun vex áfram á OECD svæðinu og samsvarar núna 2,2% af allri verslun. Vöxturinn er athyglisverðastur milli aðildarríkja OECD og ríkja utan OECD, og vaxandi innflutningur frá ríkjum eins og Kína hefur veruleg áhrif á verslunarjafnvægi. Útflutningur til ríkja utan OECD hefur frá 1996 aukist um 66% en innflutningur frá þessum ríkjum um 112%.

Kína er eitt af hinum fimm ríkjum sem birtast í hópnum sem er þekktur sem BRIKS-in (Brasíla, Rússland, Indland, Kína og Suður-Afríka). Þau eru meðal þeirra UFT-markaða heimsins sem hafa vaxið hraðast, og þróunin í þessum fimm ríkjum hefur smitáhrif á OECD svæðinu. Milli áranna 2000 og 2005 jókst UFT-fjárnotkun í BRIKS-hagkerfunum um meira en 19% á ári, úr 114 milljörðum bandaríkjadala í 277 milljarða bandaríkjadala, en UFT-fjárnotkun á heimsvísu hefur aukist um aðeins 5,6% á ári og fjárnotkun í OECD ríkjunum um 4,2% á ári.

Nýleg þróun á fjarskiptamörkuðum innan OECD hefur verið neytendum hagstæð og þeir halda áfram að auka hlutfall heimiliskostnaðar í fjarskiptavörum og –þjónustu. Þessir markaðir munu halda áfram að þróast á næstu tveimur árum þar sem fyrirtæki breytast úr tali og fara að veita fjölbreyttari þjónustu. Þetta mun gera þá kröfu til stefnumótenda að þeir hafi sífellt eftirlit með mörkuðum og endurmeti stefnumótun sem er e.t.v. ekki lengur hagstæð. Það verður meiri áhugi á að víkka út tækni á fastlínugrunni nær notendum, og við eftirlitsaðilum munu blasa ákvarðanir sem varða hlutverk eftirlitsins í tengslum við þessi dreifikerfi. Loks mun á næstum tveimur árum líklega birtast nánari samþætting á útsendingar- og fjarskiptamörkuðum þar sem meiri hreyfimyndaþjónusta er dreift um dreifikerfi fjarskiptanna. Eftirlitsaðilar verða þannig undir þrýstingi um að samræma innihald stefnumótunar eftir vettvangi.

© OECD 2007

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjölmörg útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

